

Ed.

2. Frumvarp til laga

um eignarnám á lóðarréttindum og mannvirkjum á Siglufirði.

(Lagt fyrir Alþingi á 64. löggjafarþingi, 1945.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt vegna sildarverksmiðja ríkisins að taka eignarnámi réttindi yfir lóðunum nr. 18 og 21 við Norðurgötu og nr. 2 við Þormóðsgötu á Siglufirði ásamt húsum og öðrum mannvirkjum, sem á þessum lóðum eru.

2. gr.

Eignarnám það, sem um ræðir í 1. gr. hér að framan, skal fara fram samkvæmt lögum nr. 61 14. nóvember 1917, um framkvæmd eignarnáms.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjalsins hér á eftir.

Fylgiskjal.

Bráðabirgðalög um eignarnám á lóðarréttindum og mannvirkjum á Siglufirði.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Atvinnumálaráðherra hefur tjáð mér, að ákveðið sé að hefja nú þegar byggingu 10 þús. mála sildarverksmiðju á Siglufirði. Samningaumleitanir stjórnar sildarverksmiðja ríkisins um kaup á nauðsynlegum lóðarréttindum og mannvirkjum, sem á lóðunum eru, hafa ekki borið árangur, og ber því brýna nauðsyn til, að þessi lóðarréttindi og mannvirki verði tekin eignarnámi.

Vegna þessa gef ég út bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar á þessi leið:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt vegna sildarverksmiðja ríkisins að taka eignarnámi réttindi yfir lóðunum nr. 18 og 21 við Norðurgötu og nr. 2 við Þormóðsgötu á Siglufirði ásamt húsum og öðrum mannvirkjum, sem á þessum lóðum eru.

2. gr.

Eignarnám það, sem um ræðir í 1. gr. hér að framan, skal fara fram samkvæmt lögum nr. 61 14. nóvember 1917, um framkvæmd eignarnáms.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 31. maí 1945.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Áki Jakobsson.